



Borgarráð

Reykjavík, 26. nóvember 2024
MSS24110162

Starfshópur um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélags Reykjavíkur

Hjálagt erindisbréf starfshóps um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélags Reykjavíkur er lagt fram til kynningar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:
Erindisbréf starfshóps um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélags Reykjavíkur.



Reykjavík, 26. nóvember 2024

MSS24110162

ERINDISBRÉF

Starfshópur um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélags Reykjavíkur

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:

Reykjavíkurborg og KR hafa sammælt um að setja af stað starfshóp sem vinni við endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja að KR, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, og þeirra lóða sem þau standa á. Markmiðið er að Reykjavíkurborg taki yfir rekstur þeirra frá og með 1. janúar 2026. Starfshópurinn skipi tveir fulltrúar frá hvorum aðila þ.e. frá Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélaginu KR.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja KR, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, og þeirra lóða sem þau standa á með það að markmiði að Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið KR geri samkomulag um rekstur þeirra frá og með 1. janúar 2026. Þetta á einnig við um þau mannvirki sem nú eru í framkvæmd svo sem fjölnotahúsið.
- Meta viðhaldsþörf núverandi íþróttamannvirkja KR.

Starfshópurinn skipa:

Helena Rós Sigmarsdóttir, formaður, fjármála- og áhættustýringarsvið

Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri, menningar- og íþróttasvið

Þórhildur Garðarsdóttir, formaður KR

Guðjón Guðmundsson, fyrrum formaður KR

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Sonja Wium, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 30. sept. 2025.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri



Reykjavík